

63. fundur Fræðslusjóðs
Mánudaginn 27. febrúar 2017 kl. 14:30 – 16:00
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir formaður, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Jón Fannar Kolbeinsson, Guðrún Eyjólfssdóttir, Ársæll Guðmundsson, Kristín Þóra Harðardóttir, Svanhildur Sverrisdóttir, Fjóla Jónsdóttir.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Drög að uppgjöri fræðsluaðila vegna framkvæmdar 2016 (fylgiskjal 2)

Fjármálastjóri kynnti drög að uppgjöri á framkvæmd námsleiða, ráðgjafar og raunfærnimats. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir, þar sem fræðsluaðilar hafa frest fram í marsmánuði skv. skilmálum.

Umræður um eftirstöðvar raunfærnimatsverkefna og hvaða forsendur liggi að baki skilum á fé í árslok. Miðað við framlögð gögn færast tæpar 37 milljónir yfir áramót.

Bent á að Vesturland hefur sýnt fram á að framlag til námsleiða 2017 er uppuríð. Ástæða þess er sjómannaverkfallið sem stóð fram í febrúar og leiddi til þess að mörg sjávarútvegsfyrirtæki sóttu í grunnám fiskvinnslu.

Næstu skref: Formaður leitar skýringa hjá fyrrv. framkvæmdastjóra FA varðandi hvort fræðsluaðilar megi draga verkefni vegna raunfærnimats yfir áramót. Björn leiti skýringa ástæðum þess að svo mikið fé flyst milli ára í raunfærnimatinu.

Kynnt skjal með samantekinni framkvæmd 2012 -2016: Óskað eftir að bætt verði við skjalið úthlutun hvers árs.

3. Tilnefningar í úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarstyrkja (þróunarhluti Fræðslusjóðs)

Sólveig B. Gunnarsdóttir f.h. SA, Eyrún Valsdóttir f.h. ASÍ og Berglind Eva Ólafsdóttir f.h. Samb. ísl. sveitarfélaga.

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt. Fulltrúa BSRB vantar enn í nefndina. Garðar mun senda formanni tilnefningu eins fljótt og auðið er.

4. Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu – staða mála

Svanhildur gerið stuttlega grein fyrir stöðu endurskoðunar laganna. Vinnunni miðar hægar en vonir stóðu til. Tillögur eru að taka á sig mynd en eiga eftir að fara í kynningu hjá mrn. og fyrr en því er lokið er ekki hægt að kynna þær á öðrum vettvangi.

Einnig er verið að fara yfir reiknilíkanið um bein framlög mrn. til einstakra stöðva og er það í umræðu og vinnslu innan ráðuneytisins.

Í ljósi þeirra tafa sem orðnar eru á endurskoðuninni er viðbúið að ný lög taki ekki gildi fyrir árslok 2017. Verði það raunin þá eykur það þrýsting á að endurskoðun skilmála Fræðslusjóðs

HC 1(2)
AG
GH
S
SWS

fari fram á árinu 2017 og að þau drög að skilmálum sem sett voru til hliðar árið 2016 verði tekin upp aftur.

5. Innsend erindi:

- a. Fundur Kvasis um umskólunarhugtakið 25. apríl nk.

Óskað var eftir af hálfu Kvasis að formaður sjóðsins haldi erindi. Aftur á móti er skilgreining á markhópnum það skýr, að ekki er talið efni í heilt erindi.

Eðlilegt að Kvasir komi hugleiðingum sínum á framfæri við mnrn. en það er ekki hlutverk Fræðslusjóðs að vinna að stefnumótun málaflokksins.

Afgreiðsla: Formaður ræði við formann Kvasis um málið.

- b. Bréf frá formanni Kvasis (*fylgiskjal 5b*)

Erindið kynnt m.a. ábendingar um framkvæmd.

- c. Erindi frá Framvegis um raunfærnimat (*fylgiskjal 5c*)

Afgreiðsla: Samþykkt, en er ekki fordæmisgefandi. FA skrifar svarbréf í samráði við formann.

- d. Erindi frá MSS, Mími og Framvegis um verðlagningu ráðgjafar (*fylgiskjal 5d*)

Afgreiðsla: Hafnað. Ákvörðun sjóðsins byggir á samráði við fulltrúa fræðsluaðila um verðlagningu 2017 og framlögðum gögnum á þeim fundum. FA skrifar svarbréf í samráði við formann.

- e. Erindi frá IÐUNNI fræðslusetri vegna raunfærnimats (*fylgiskjal 5e*)

Fram að þessu hefur 80/20 reglan gilt í vottuðum námsleiðum og náms- og starfsráðgjöf til að auðvelda fræðsluaðilum að koma af stað námsleiðum eða til að geta veitt ráðgjöf í kjölfar kynningar á vinnustað án þess að þurfa að vísa frá. 80/20 reglan á sér ekki lagastoð og verður endurskoðuð í nýjum skilmálum.

Í raunfærnimat fer fram skimun í upphafi og því liggur fyrir hverjir eru í markhópnum.

Afgreiðsla: Hafnað. FA skrifar svarbréf í samráði við formann.

6. Önnur mál

Engin önnur mál borin upp.

Fundi slitið 16:10

Gudni Þorgeirsson
Sveinbjörn Björgvinsson
Hilmarsson
Hallaeyja

SW